



2010

Þjóðarspegilinn

## Fjölgun starfa á Íslandi eftir hrun

Snjólfur Ólafsson  
Eypór Ívar Jónsson

Viðskiptafræðideild  
Ritstjóri: Ingjaldur Hannibalsson

Rannsóknir í félagsvísindum XI. Erindi flutt á ráðstefnu í október 2010

Ritstýrð grein

Reykjavík: Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands

ISBN 978-9935-424-07-5



HÁSKÓLI ÍSLANDS

# Fjölgun starfa á Íslandi eftir hrun

Snjólfur Ólafsson  
Eyþór Ívar Jónsson

Eitt af meginverkefnum Íslendinga eftir efnahagshrunið 2008 hefur verið og mun verða að fjölga störfum í landinu. Fjölgun starfa er ekki einungis meginverkefni Íslendinga, þetta er verkefni sem flest OECD lönd standa frammi fyrir en samanlagt hefur atvinnulausum fjölgað um sautján milljón manns í OECD frá fjórða ársfjórðungi 2007 til fjórða ársfjórðungs 2009 (OECD, 2010). Áfallið er að vissu leyti meira hér á landi en víða annars staðar þar sem atvinnuleysi hefur farið úr 2% sem er mjög lítið í alþjóðlegum samanburði og nálægt náttúrulegu atvinnuleysi, í það að vera með því hæsta sem gerist í OECD-löndum, eða 8%. Það þýðir með öðrum orðum að Íslendingar þurfa að skapa um tólf þúsund ný störf til þess að ná atvinnuleysinu niður í það sem það var fyrir efnahagskreppuna (OECD, 2010).

Ríkisstjórnin leikur lykilhlutverk við þetta verkefni en margir aðrir hafa mikil áhrif. Skoðanir eru skiptar um hvaða leiðir eigi að fara við þetta verkefni og hvaða aðgerðir séu æskilegar og mikilvægar. Til lengri tíma skiptir ekki einungis hvaða fjöldi starfa er skapaður heldur ekki síður gæði og tegund þeirra starfa sem á að skapa.

Með greininni er reynt að varpa nokkru ljósi á fjölmargar spurningar sem tengjast heiti greinarinnar, en ekki gerð tilraun til að gefa tæmandi svör við neinni þeirra. Dæmi um slíkar spurningar eru; Hvað ætti ríkisstjórnin að gera til að stuðla að fjölgun starfa?, Er mögulegt að skapa nægan fjölda starfa á næstu 5 árum?, Hvaða hlutverki gegnir nýsköpun í fjölgun starfa? og Í hve miklum mæli ætti að leyfa útlendingum að fjárfesta í fyrirtækjum sem nýta náttúruauðlindir?

Í greininni er gerð tilraun til gera tvennt, einkum að draga fram ýmsa mikilvæga þætti sem varpa ljósi á svör við spurningunum en einnig að draga upp einhvers konar heildarmynd af þessu flókna viðfangsefni. Dregin verða fram atriði sem talin eru vera mikilvæg varðandi fjölgun starfa á Íslandi næstu árin. Sum atriðanna verða fjölgun starfa í náinni framtíð en önnur horfa til lengri tíma.

Hagfræðingar og margir aðrir (t.d. stjórn málafræðingar) hafa sett fram ýmsar kenningar um fjölgun starfa, meðal annars kenningar um nýsköpun. Hjá hagfræðingum og stjórn málafræðingum er þó viðfangsefnið sjaldnast beint „fjölgun starfa“ heldur atvinnustefna, efnahagsstjórn, rekstrarumhverfi fyrirtækja eða eitthvað annað. Flestar kenningar sem gilda almennt eiga einnig við um Ísland. Þó ber að hafa í huga að flestar kenningar innan félagsvísinda ná einungis að lýsa í mjög takmörkuðum mæli því sem á sér stað í þjóðfélögum. Einnig eru til kenningar sem fjalla um sérstöðu lítilli þjóða með opið hagkerfi eins og Ísland hefur verið síðustu áratugin. Vissulega er hagkerfið ekki eins opið sem stendur vegna gjaldeyrishaftanna, en stjórnvöld hafa skýru stefnu um að afnema þau höft. Í greininni ætlum við ekki að fjalla mikið um kenningar, en þeim mun meira um Ísland í dag.

Við lestur greinarinnar er gott að hafa í huga að það er almennt erfitt að fá upplýsingar sem eru nákvæmar og réttar. Margar tölur eru villandi eða vitlausar og oft er erfitt að draga ályktanir. Ýmsar ályktanir síðsumars 2010 um það hvort botni efnahagskreppunnar væri náð eða ekki eru nýlegt og skýrt dæmi um það, en tölur frá Seðlabankanum og Hagstofunni gáfu mönnum tilefni til andstæðra ályktana. Einnig er það svo að tölur fyrir tiltekið ár breytast oft nokkur ár eftir það.

Einnig er vandasamt að segja frá flóknum málum svo almenn sátt sé um. Höfundar hafa þurft að velja á milli þess að gera slíkt af bestu getu, vitandi það að lýsingin gæti

verið umdeild, eða þá að sleppa því að fjalla um málin. Þar sem ómögulegt er að gefa yfirsýn yfir viðfangsefni greinarinnar án þess að fjalla um viðhorf og mál á þennan hátt, þá er það gert.

Í greininni eru tveir meginkaflar. Í fyrri kaflanum eru settar fram nokkrar tillögur höfunda um það sem unnt væri að gera til að stuðla að fjölgun starfa á næstu árum. Ekki er hér svigrúm til að gera grein fyrir því af hverju þessi atriði eru valin, en val þeirra byggir á rannsóknum höfunda sem hafa að litlu leyti verið birtar, sjá þó tvær greinar eftir Snjólfr Ólafsson og Ingólf Jökul Róbertsson (2009a, 2009b).

Seinni meginkaflinn fjallar um nýsköpun, en um það er nokkuð víðtæk samstaða að nýsköpun sé ein meginforsenda nýrra starfa. Að honum loknum er umræðukaflí.

## Tillögur höfunda

Hér er farin sú leið að setja fram tillögur höfunda um atriði sem gætu stuðlað að fjölgun starfa á Íslandi. Röðin gefur vísbendingu um mikilvægi tillagnanna að mati höfunda, en ber þó ekki að taka of alvarlega. Fyrsta tillagan er sett fram í örstuttu máli í næstu málsgrein, en síðan fjallað um hana í næsta kafla. Síðan eru þrjár tillögur dregnar fram og um þær fjallað nokkuð, þær útskýrðar og rökstuddar. Hver um sig gæfi í sjálfu sér tilefni til ítarlegrar umræðu, en ekki er svigrúm til þess hér. Að lokum eru nokkrara fleiri tillögur dregnar fram, bæði til þess að sýna að það er svo ótal margt sem skiptir máli og til þess að gefa betri heildarmynd.

Það er almenn samstaða meðal fræðimanna um að nýsköpun sé einn helsti lykillinn að nýjum störfum í framtíðinni. Ríkisstjórn Íslands hefur lagt áherslu á að styðja við nýsköpun og sýnt það að einhverju leyti. Það þarf hins vegar miklu meira til ef hugmyndin er að ný fyrirtæki og vaxtarfyrirtæki eigi að leika mikilvægt hlutverk í starfasköpun á Íslandi. Um þetta mikilvæga atriði er fjallað nánar í næsta kafla *Nýsköpun og ný störf*.

### Ljúka málum hratt

Aðstæður á Íslandi eru nú þannig að þau verkefni sem þarf að vinna eru yfirþyrmandi mörg, flókin og tímafrek. Hér má nefna ICESAVE samningana, sakamál sem tengjast hruninu, endurskipulagningu fyrirtækja sem sum eru í eigu bankanna, skuldavanda margra heimila og breytingar á stjórnarsýslu í framhaldi af skýrslu þingmannanefndar sem dæmi. Því er hér lagt til að allir aðilar leggi sig fram um að ljúka málum hratt.

Sum verkefni verða einfaldlega að taka sinn tíma og má nefna dómsmál sem dæmi. Í dómsmálum er afar mikilvægt að fylgja lögum og reglum og komast að vandaðri niðurstöðu og því ekki mögulegt eða réttlætanlegt að ljúka þeim hratt. Vardandi dómsmál má þó benda á tvennt sem getur stuðlað að því að þeim ljúki hratt, annars vegar að forgangsraða markvisst (sem er að nokkru leyti gert) og hins vegar að menn vísi ekki málum til dómsstóla nema skýr þörf sé á því. Í þessu jósi er erfitt að sjá réttlætingu á því að umhverfisráðherra ákvað í október 2010 að áfrýja dómi héraðsdóms um aðalskipulag í Flóahreppi til Hæstaréttar.

Í verkefnisstjórnun og tímastjórnun er bent á að það sé algengt að miklum tíma sé sóað vegna þess að menn (fyrirtæki, stofnanir og aðrir aðilar) séu með of mörg verkefni í vinnslu á sama tíma. Tvennt má gera til þess að vinna gegn þessu, annars vegar með því að setja ekki af stað verkefni sem má sleppa og hins vegar með því að klára verkefni hratt, jafnvel með því að setta sig við ófullkomna niðurstöðu. Í rekstrarstjórnun, verkefnastjórnun og fleirum fræðum hefur verið dregin fram sú algenga regla að oft sé unnt að ná um 80% af mögulegum ávinningi með því að vinna aðeins um 20% af þeirri vinnu sem þyrfti til að ná 100% árangri.

Ríkisstjórnin er með of mörg verkefni á sinni könnu og er það að hluta til sjálfsskaparvíti. Skýrt dæmi um þetta er hið svokallaða Magma-mál. Það mál er í edli

sín kaup eins hlutafélags á hlutafé í öðru hlutafélagi af þriðja hlutafélaginu. Þar sem fyrsta hlutafélagið er erlent fjallaði til þess bær aðili um lögmæti þessa gjörðar og niðurstæðan var að kaupun væru lögleg. Ráðherrar hafa sóðað sínum tíma og annarra algerlega að ástæðulausu í þetta Magma-mál. Lagt er til að ráðherrar verji tíma sínum í mál sem þörf er að taka tíma í. Sama má segja um Alþingi, en mikið vantar upp á að þingmenn nýti tíma sinn í nauðsynleg verkefni. Skýrt og nýlegt dæmi er þings-ályktunartillaga sem lögð var fram 19. október 2010 um að efna til þjóðar-atkvæðagreiðslu 27. nóvember 2010 um hvort halda eigi áfram aðlögunar- og viðræðuferli Íslands og Evrópusambandsins.

Óuppgerð mál eru mörg, flókin og tímafrek. Endurskipulagning fjármála fyrirtækja og heimila eru dæmi um slík mál sem og (hugsanleg) sakamál. Nú er ekki nokkur möguleiki á því að hægt sé að finna sanngjarna eða góða niðurstöðu í mörgum þessara mála. Allar leiðir sem fela í sér skuldaniðurfellingar einstaklinga eru t.d. óréttlátar frá sjónarhóli einhverra. Þess vegna er lagt til að allir leggi sig fram um að ljúka sem flestum slíkum málum hratt. Einnig er lagt til að allir leggi sig fram um að sýna þeim skilning sem þurfa að taka ákvarðanir í slíkum málum, þar sem oft þarf að velja á milli nokkurra slæmra kosta, en mörg verkefni bankanna eru þessa eðlis. Að sjálfsögðu er ekki verið að leggja til óvönduð vinnubrögð, en það má flokka það að verja óþarflega löngum tíma í tiltekið mál sem óvönduð vinnubrögð.

### **Flýta fyrir erlendri fjárfestingu og uppbyggingu stóriðju**

Þjóðin þarf nauðsynlega á erlendri fjárfestingu að halda til að auka kraftinn í íslensku atvinnulífi og auðvelda afnámi gjaldeyrishafta. Einnig er nauðsynlegt að halda áfram uppbyggingu stóriðju. Þetta tvennt eru í sjálfu sér aðskilin mál og hefði mátt setja þau fram sem tvær tillögur. Um þessar mundir er staðan hins vegar þannig að þessi mál fléttast mjög sterkt saman og eru tillögurnar því kynntar saman.

Lagt er til að ríkisstjórnin öll og Alþingi leggi þessum málum lið á svipaðan hátt og iðnaðarráðherra hefur verið að gera. Þó skal eftirfarandi tekið skýrt fram:

- Erlend fjárfesting og uppbygging stóriðju skapar aðeins lítinn hluta af þeim störfum sem þarf að skapa. En það þarf að gera margt til að skapa störf og mun erfiðara og seinlegra að gera það ef þessum þáttum er sleppt.
- Hér er ekki lagt til að á næstu árum verði farið geyst í virkjanagerð og uppbyggingu stóriðju. Í grófum dráttum er rétt að stefna að því að ljúka þeim verkefnum sem eru komin af stað og engin sérstök ástæða til að stöðva eða tefja. Ekki verði gefin ný virkjanaleyfi sem neinu nemi fyrir en rammaáætlun um virkjanakosti hefur verið samþykkt.
- Við eðlilegar aðstæður eru störf á framkvæmdatíma ekki sterk rök fyrir virkjunum eða stóriðjuframkvæmdum. Sem stendur er verktaka- og byggingariðnaður í djúpri lægð og því mikill fengur að öllum framkvæmdum sem fara af stað á næstu mánuðum. Það munar t.d. mjög mikið um það ef vinna við álver í Helguvík og tengd verkefni fer á fullan skrið á næstu mánuðum.
- Við ákvarðanir um nýtingu auðlinda þarf að taka mikið tillit til umhverfis-sjónarmiða og horfa til langs tíma.

Ríkisstjórn, seðlabanki og aðrir þurfa að gera allt sem hægt er til að gjaldeyrishöftum verði létt sem hraðast, en eflaust eru gjaldeyrirshöftin ein helsta hindrunin á vegi erlends fjármagns sem stendur. Einnig hindrar það í einhverjum mæli að ekki hafa náðst samningar í ICESAVE málinu.

Íslendingar hafa ekki sóst sérstaklega eftir álverum frekar en annarri orkufrekri stóriðju. Hins vegar hafa erlend fyrirtæki einkum kosið að byggja álver hér vegna þess

að við þá tegund stóriðju nýtast kostir landsins vel en gallarnir vega léttar. Þess vegna er hæpið að vera mjög andsnúinn frekari uppbyggingu álvera, t.d. á Norðurlandi Eystra, en þó æskilegt ef mögulegt er að auka fjölbreytni í stóriðju.

### **Bæta rekstrarumhverfi fyrirtækja**

Eitt af lykilhlutverkum Alþingis og ríkisstjórnar er að skapa sem best rekstrarumhverfi fyrirtækja. Því miður hefur rekstrarumhverfi margra íslenskra fyrirtækja stórversnað frá því sem það var fyrir hrún. Einkum er það vegna beinna afleiðinga hrunsins, en einnig vegna ákvarðana Alþingis sem ríkisstjórnin hefur talið óhjákvæmilegar.

Við þær aðstæður sem nú eru, þ.e. háar ríkisskuldir og mikinn fjárlagahalla, er ekki svigrúm til skattalækkana. Staðan á Íslandi er að þessu leyti svipuð stöðunni í mörgum vesturlöndum og þar takast stjórnámálmennt, hagfræðingar og fulltrúar hagsmunasamtaka á um hvaða leiðir séu rétt að fara. Við ætum ekki að blanda okkur í þá umræðu hér.

Við viljum draga fram eftirfarandi atriði varðandi betra rekstrarumhverfi:

- Vinna þarf að því að minnka óvissu og auka stöðugleika. Þegar forsvarsmenn fyrirtækja eða samtaka atvinnulífsins eru spurðir, þá er stöðugleiki venjulega eitt af því sem mikil áhersla er lögð á varðandi gott rekstrarumhverfi. Af náttúrulegum ástæðum (sveiflur í sjávarútvegi, smæð landsins o.fl.) einkennir óvissa og óstöðugleiki rekstrarumhverfi íslenskra fyrirtækja. Stjórnvöld ættu að leggja sig í lima við að minnka óvissu og auka stöðugleika en gera oft akkúrat öfugt. Sem dæmi þá hafa ýmsar nýlegar ákvarðanir sjávarútvegsráðaherra stuðlað að aukinni óvissu og óstöðugleika, m.a. um frjálssar veiðar á úthafsækju.
- Stuðla þarf að eðlilegu framboði á fjármagni á hóflegu verði. Til skamms tíma lítið eru nokkur verkefni sem stjórnvöld þurfa að lekkja kapp á að ljúki sem fyrst. Þar standa hæst samningar um ICESAVE, afnám gjald-eyrishafna og uppgjör ýmissa mála sem tengjast fjárhagsvanda heimila og fyrirtækja. Til langs tíma er upptaka nýs gjaldmiðils, evru, sá einstaki þáttur sem vegur væntanlega þyngst. Evran mun einnig minnka óvissu og stuðla að stöðugleika.
- Frelsi í alþjóðavíðskiptum og alþjóðasamskiptum verði aukið. Eitt dæmi er að leyfa útlendingum að fjárfesta í öllum atvinnugreinum, m.a. sjávarútvegi. Annað dæmi er að auðvelda einstaklingum sem koma frá löndum utan evrópska efnahagssvæðisins að vinna á Íslandi.

### **Margt fleira**

Í undirköflunum þremur hér á undan hafa verið dregnar fram nokkrar tillögur sem höfundar telja vera mjög mikilvæg atriði sem geta stuðlað að því að störfum á Íslandi fjölgi hratt á næstu árum. Það er hins vegar ótal margt fleira sem vert væri að ræða. Hér nefnum við nokkur atriði í viðbót.

- Flýta einstökum verkefnum á vegum ríkis og sveitarfélaga.
- Forgangsraða verkefnum með því að leggja áhersla vinnuafslafrek verkefni frekar en fjármagnsfrek verkefni.
- Forgangsraða verkefnum með því að leggja áherslu á verkefni tengd þekkingariðnaði.
- Leggja áherslu á að skapa störf sem tengjast þróun í menntun, bæði með tilliti til hvernig þjóðin er menntuð og hvernig hún er að mennta sig.
- Að ljúka gerð rammaáætlunar um virkjanakosti og afgreiða hana frá Alþingi.

- Að einstaklingar sýni skoðunum annarra meira umburðarlyndi og geri minna af því að kvarta og gagnrýna. Það þarf þó að veita aðhald og sum gagnrýni er nauðsynleg.
- Að fjölmiðlar og aðrir bíði með að gagnrýna og brjóta niður þar til þeir hafa sett sig inn í viðkomandi mál. Dómstóll götunnar er því miður ansi virkur á Íslandi og eru mannorðssviptingar og kertavaka tengd hvarfi hundsins Lúkasar minnisstætt dæmi um slíkt, sjá mynd 1.



Mynd 1. Um hundrað manns tóku þátt í kertavöku á Akureyri til minningar um hundinn Lúkas, sem síðar fannst á lífi („Hundurinn Lúkas“, 2007)

## Nýsköpun og ný störf

Eitt af þeim úrræðum við atvinnuleysi sem horft hefur verið til er nýsköpun og þá yfirleitt í samhengi við stofnun nýrra fyrirtækja, ört vaxandi fyrirtæki eða almennt smáfyrirtæki. Þessi umræða hér á landi endurspeglar svipaða umræðu í Evrópa.

Frægustu rannsóknir sem gerðar hafa verið á starfasköpun eru rannsóknir bandaríska hagfræðingsins David Birch (1979, 1984, 1987) í lok áttunda áratugarins og byrjun þess níunda. Niðurstaða Birch var að smáfyrirtæki sköpuðu flest störf í bandaríska hagkerfinu. Seinni tíma rannsóknir hafa stutt þessa niðurstöður Birch, ekki hvað síst rannsóknir Small Business Association í Bandaríkjunum og OECD. Þessar niðurstöður eru þó ekki óumdeildar. Bent hefur verið á galla í gagnagrunninum sem SBA hefur notað og aðrar rannsóknir hafa t.d. bent til þess að stórfyrirtæki skapi fleiri störf í framleiðslugreinum. Engu að síður hefur ekki tekist að sýna fram á að niðurstaða Birch sé röng og sérstaklega ekki hvað varðar starfasköpun í niðursveiflu, en niðurstöður Birch benda til að það séu einkum smáfyrirtæki sem skapa störf í niðursveiflu.

Þegar fjallað er um starfasköpun í smáfyrirtækjum er yfirleitt annars vegar verið að fjalla um ný fyrirtæki sem verða til og hins vegar ört vaxandi fyrirtæki. Ört vaxandi fyrirtæki eru tiltölulega ung fyrirtæki á svokölluðu vaxtarskeiði þar sem þau eru að ná aukinni veltu til verða hagkvæm í rekstri. Talsvert er til af rannsóknum sem sýna jákvæð áhrif nýrra fyrirtækja á starfasköpun og hagvöxt (Ashcroft og Love, 1996; Johnson og Parker, 1996; Reynolds, 1994, 1999) þó skiptar skoðanir séu um hversu mikil áhrifin eru (Audretsch og Fritsch, 2002; Fritsch og Mueller, 2004; van Stel og Storey, 2004). Að einhverju leyti gefa rannsóknir sem skoða tíma frá stofnun fyrirtækja og starfasköpun skýrari mynd af samhengi nýrra fyrirtækja og ört vaxandi fyrirtækja. Á meðan ný fyrirtæki hafa jákvæð áhrif á starfasköpun verða áhrifin ekki umtalsverð fyrr en eftir að þau hafa verið starfrækt í nokkur ár, þ.e.a.s. það er töf í vaxtarferli fyrirtækja.


Rannsóknir benda til þess að allt frá 4 uppí 8 ár geta liðið þar til þess að veruleg starfasköpun sem má rekja til nýrra fyrirtækja á sér stað (Babtista, Escária og Madruga, 2008; Fritsch og Mueller, 2004; Van Stel og Storey, 2004). Niðurstaðan virðist þá vera að ný fyrirtæki skapa langflest störf þegar þau hafa þroskast aðeins og verða ört vaxandi fyrirtæki. Þetta er í sjálfu sér niðurstaðan sem Birch (1987) komst að.

Áhugi á starfasköpun nýrra fyrirtækja jókst á Íslandi eftir efnahagshrunið 2008. Vísbindingarnar felast í framgangi aðila í stuðningsumhverfinu. Nýsköpunarmiðstöð Íslands opnaði fimm frumkvöðlasetur, Hugmyndahús Háskólanna varð til, frumkvöðlasetrið Toppstöðin, Innovit hafði frumkvæðið að athafnavíkunni, Hugmynda-ráðuneytið varð til sem vettvangur umræðna og Klak – Nýsköpunarmiðstöð atvinnulífsins opnaði nýtt tæknisetur og stofnaði Viðskiptasmíðjuna – Hraðbraut nýrra fyrirtækja. Einnig lögðu nokkrar stofnanir aukna áherslu á ný fyrirtæki eins og t.d. Samtök iðnaðarins sem héldu Sprotapíng Íslands sem er eins konar aðalfundur sprota á Íslandi og stofnuðu ný félög innan samtakanna eins og samtök fyrirtækja í leikjageiranum og samtök fyrirtækja í hreinni orku. Rannís breytti áherslum í Tækni-þróunarsjóði með það að leiðarljósi að styrkja ný fyrirtæki frekar en einungis rannsóknir, Vinnumálastofnun fór af stað með átak til þess að hjálpa atvinnulausum að búa til fyrirtæki og Starfsorku sem gefur ungum fyrirtækjum tækifæri til að ráða atvinnulausa en ríkið borgar þeim áfram atvinnuleysisbætur í sex mánuði. Enn fremur fóru tvö frumvörp í gegnum þingið, annað vegna endurgreiðslu á kostnaði við rannsóknir og þróun og hitt vegna fjárfestinga í viðurkenndum sprotafyrirtækjum. Án þess að þetta sé tæmandi upptalning er ljóst að margt hefur verið gert til þess að vekja athygli á nýsköpun og nýjum fyrirtækjum og gera það auðveldara að stofna ný fyrirtæki.

Árið 2008 var í fyrsta skipti tekinn saman listi yfir sprotafyrirtæki sem var gerður opinber. Þetta var listi yfir 100 áhugaverð sprotafyrirtæki sem birtur var í tímaritinu Frjálsri verslun. Þessi listi var síðan stækkaður í 200 áhugaverð sprotafyrirtæki árið 2009 og 140 áhugaverð sprotafyrirtæki á níu áherslusviðum árið 2010. Þessir listar sýna að mikil gróska hefur verið í nýsköpun og að ný áhugaverð fyrirtæki verða til á hverju ári sem geta orðið stórfyrirtæki framtíðarinnar.


Nýleg athugum iðnaðarráðuneytisins sem vitnað var í á alþingi bendir til að 500 störf hafi skapast í sprotafyrirtækjum frá bankahruninu. Það er ekki ósennilegt ef niðurstöður rannsóknar sem gerð var á sprotafyrirtækjum árið 2009 (Eyþór Ívar Jónsson, 2010) er skoðuð en þar kom fram að þau 125 fyrirtæki sem tóku þátt í könnuninni voru búinn að skapa fleiri en 1500 störf. Það eru 12 störf að jafnaði á hvert fyrirtæki og miðgildi stofnsárs var 2004 og má þá segja að þessi 1500 störf hafi orðið til á fjórum árum. Það er mjög líklegt, eins og aðrir fræðimenn hafa bent á (Babtista o.fl. 2008; Fritsch og Mueller, 2004; van Stel og Storey, 2004), að einhver töf verði á raunverulegri starfasköpun nýrra fyrirtækja þar sem þau þurfa að komast yfir fyrstu hjallana í lífsferlinu áður en þau geta farið að ráða starfsmenn.

Samkvæmt hagstofunni hefur nýskráningum einkahlutafélaga og almennra hlutafélaga fækkað frá því árið 2007, sjá mynd 2. Fjöldi nýskráninga hefur farið úr 3.700 fyrirtækjum árið 2007 í 2.600 fyrirtæki að jafnaði árin 2008 og 2009. 2.600 nýskráningar er meðaltalið á þessum tíu árum svo að það er hugsanlega hægt að sjá stöðuga aukningu nýskráninga frá 2004 til 2007 sem hluta af bóllumyndum þessara ára frekar en eðlilega leitni í nýskráningum. Að sama skapi má sjá að fjölgunin árið 2002 er að hluta til þar sem ýmis starfsemi var færð í einkahlutafélög. Þannig urðu til ný fyrirtæki án þess að ný starfsemi yrði til.



Mynd 2. Fjöldi nýskráðra hlutafélaga á Íslandi

Það er ekki hægt að meta út frá gögnum hagstofunnar hvort að þessi 2.600 nýju fyrirtæki munu koma til að skapa 12 ný störf að jafnaði á næstu fjórum árum. Það er heldur ekki hægt að sjá hve mörg af þeim fyrirtækjum sem stofnuð eru lifa í fjögur ár eða lengur. Um 670 fyrirtæki hafa orðið gjaldþrota að meðaltali frá 2005 til 2009 og hefur orðið talsverð aukning frá árinu 2007 en gjaldþrota fyrirtæki voru 910 talsins árið 2009 og ætla má að þau verði vel yfir þúsund talsins árið 2010. Það þýðir að nettó aukning fyrirtækja á Íslandi er um 1.900 fyrirtæki á ári að jafnaði en fór niður í rétt rúmlega 1.700 fyrirtæki árið 2009.



Mynd 3. Fjöldi gjaldþrota fyrirtækja á Íslandi

Að nettó aukning fyrirtækja hefur dregist saman eftir hrunið felur í sér að færri störf verði sköpuð en ella. Ef rannsóknir Birch (1983) eru vísbending um þróun atvinnu- mála má ætla að stór hluti nýrra starfa verði til hjá þessum nýju fyrirtækjum sem er verið að stofna og þá sérstaklega þeim fyrirtækjum sem hafa möguleika á að verða vaxtarfyrirtæki.



## Umræða

Í greininni er fjallað um mjög flókið og umfangsmikið mál sem erfitt er að afmarka og ná utan um. Gerð er tilraun til að gefa einhvers konar yfirsýn yfir viðfangsefnið og jafnframt að draga fram nokkur mikilvæg atriði.

Við byggjum greinina að hluta til á því að setja fram tillögur sem byggjast á þekkingu og rannsóknnum höfunda. Málið er þó þess eðlis að ekki er mögulegt að sýna fram á að tillögurnar séu góðar, en gerð er tilraun til að útskýra tillögurnar og færa rök fyrir þeim. Líta ber á þessar tillögur og greinina sem innlegg í umræðu og mögulegan umræðugrundvöll eða útgangspunkt í frekari vinnu. Það væri áhugavert að kafa dýpra ofan í marga þætti greinarinnar og reyndar hefur það í mörgum tilvikum verið gert.

Megintillaga okkar er að stuðningur við nýsköpun verði aukinn enn frekar vegna þess að nýsköpun er einn af mikilvægustu lyklunum að fjölgun starfa, sérstaklega þegar til lengri tíma er litið.

Við höfum einnig sett fram ýmsar tillögur sem mörgum er beint til ríkisstjórnar og Alþingis, en þó ekki öllum. Varðandi fjölgun starfa þá er hlutverk Alþingis og ríkisstjórnar fyrst og fremst að skapa gott rekstrarumhverfi fyrirtæja. Um þessar mundir er hlutverkið þó mun meira og í greininni er lögð áhersla á að allir leggi sig fram um að ljúka sem flestum málum hratt.

Við tökum undir það sjónarmið að almennt séð sé hlutverk ríkisins ekki að skapa störf heldur að skapa aðstæður þar sem aðrir geta skapað störf. Fjölgun starfa er því meira háð því sem þjóðfélagsþegnarnir gera heldur en því sem ríkisstjórn og Alþingi gerir. Þessir aðilar geta þó haft veruleg áhrif bæði í þá átt að stuðla að tilurð nýrra starfa og í þá átt að hindra tilurð nýrra starfa, eins og fjallað hefur verið um í greininni.

Fjölmörg ný störf hafa orðið til á Íslandi eftir hrun, mörg þeirra í smáfyrirtækjum með örfáa starfsmenn. Það er mikill fengur að slíkum störfum en sama á við um þessi störf og störf í stóriðju, þau duga ekki til að skapa þann mikla fjölda starfa sem þörf er á. Þess vegna er einnig mikilvægt að það fari einnig af stað ný starfsemi sem skapar mörg störf en fellur ekki undir stóriðju. Nokkur slík verkefni eru í vinnslu og má nefna einkasjúkrahús í Mosfellsbæ og gagnaver og fleira í Reykjanesbæ.

Það er mjög mikilvægt fyrir Íslendinga að störfum fjölgi mjög hratt á næstu mánuðum og árum. Félagsleg vandamál sem tengjast atvinnuleysi er augljós ástæða, en það að fleiri taki þátt í að afla ríkissjóði tekna er ekki síður mikilvægt. Einnig er mikilvægt að mörg þessara starfa skapi gjaldeyri, þ.e. miði að því að selja útlendingum vörur eða þjónustu. Að lokum er síðan æskilegt að störfin verði sem best í ýmsum skilningi, en umræða um það er langt fyrir utan ramma þessarar greinar.

Ef allir leggjast á eitt þá er mögulegt að fjölga störfum á Íslandi mjög hratt og mikið.

## Heimildir

- Ashcroft, B. og Love, J. H. (1996). Firm births and employment change in the British Counties: 1981–89. *Papers in Regional Science*, 75, 483–500.
- Audretsch, D. B. og Fritsch, M. (2002). Growth regimes over time and space. *Regional Studies*, 36, 113–124.
- Babista, R., Escária, V. og Madruga, P. (2008). Entrepreneurship, regional development and job creation: the case of Portugal. *Small Business Economics*, 30, 49–58.
- Birch, D. L. (1979). *The Job Generation Process*. Cambridge: MIT Program on Neighborhood and Regional Change.
- Birch, D. L. (1984). *Share of Jobs vs. Share of Job Creation – A Flow Analysis*. Cambridge: MIT Program on Neighborhood and Regional Change.
- Birch, D. L. (1987). *Job Creation in America*. New York: Free Press.
- Fritsch, M. og Mueller, P. (2004). The effects of new business formation on regional development over time. *Regional Studies*, 38, 961–975.
- Hundurinn Lúkas á lífi. (2007, 16. júlí). *Morgunblaðið*. Sótt 20. október af [http://www.mbl.is/mm/frettir/innlent/2007/07/16/hundurinn\\_lukas\\_a\\_lifi/](http://www.mbl.is/mm/frettir/innlent/2007/07/16/hundurinn_lukas_a_lifi/)
- Johnson, P. og Parker, S. (1996). Spatial variations in the determinants and effects of firm births and deaths. *Regional Studies*, 30, 679–688.
- Eyþór Ívar Jónsson. (2010). Rannsókn á sprotafyrirtækjum 2009. Í Guðrún Axelsdóttir og Ólöf Tryggvadóttir (ritstjórar). Óútgefið handrit.
- OECD. (2010). *OECD Employment Outlook 2010: Moving beyond the jobs crisis*. París: OECD Publishing.
- Reynolds, P. D. (1994). Autonomous firm dynamics and economic growth in the United States, 1986–90. *Regional Studies*, 27, 429–442.
- Reynolds, P. D. (1999). Creative destruction: Source or symptom of economic growth? Í Z. Acs, B. Carlsson og C. Karlsson (ritstjórar), *Entrepreneurship, small and medium-sized enterprises and the macroeconomy*. Cambridge: Cambridge University Press.
- Snjólfur Ólafsson og Ingólfur Jökull Róbertsson. (2009a). Innihald og lýsing á atvinnustefnu. Í Auður Hermannsdóttir, Margrét Sigrún Sigurðardóttir og Snjólfur Ólafsson (ritstjórar), *Vorráðstefna Vískafræðistofnunar Háskóla Íslands* 20. maí 2009 (bls. 181–190). Sótt 22. október 2009 af [http://vefsetur.hi.is/ibr/radstefnurit\\_2009](http://vefsetur.hi.is/ibr/radstefnurit_2009)
- Snjólfur Ólafsson og Ingólfur Jökull Róbertsson. (2009b). Tillaga um atvinnustefnu. Í Ingjaldur Hannibalsson (ritstjóri), *Rannsóknir í félagsvísindum X, Hagfræðideild og Vískafræðideild, erindi flutt á ráðstefnu í október 2009* (bls. 499–510). Reykjavík: Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands.
- van Stel, A. J. og Storey, D. J. (2004). The link between firm births and job creation: Is there an Upas tree effect? *Regional Studies*, 38, 893–909.